

**Súrefnismælingar hjá Hitaveitu Selfoss.
Framhald**

Magnús Ólafsson

Greinargerð MÓ-94-05

SÚREFNISMÆLINGAR HJÁ HITAVEITU SELFLOSS - Framhald -

Í greinargerð Orkustofnunar (MÓ-94/04) frá 12. apríl var greint frá niðurstöðum súrefnismælinga í dreifikerfi Hitaveitu Selfoss. Mælingar tengdust aðallega tæringarvandamálum í dreifikerfi veitunnar til Laugadælahverfis. Niðurstöður mælinganna voru þær helstar, að gífurleg súrefnisupptaka átti sér stað í afgösunartank við holu 13. Í samræðum við starfsmenn veitunnar kom í ljós að auðvelt myndi vera að breyta tilhögun við inntak í tankinn og við öndunarop og var á þetta bent í greinargerðinni.

Þriðjudaginn 12. apríl breyttu starfsmenn veitunnar inntaki í tankinn á þann hátt að inntak er nú við botn, lokuðu öndunaropinu, og settu vatnslás í gamla inntaksopið, sem nú virkar sem öndunarop. Undirritaður fór síðan aftur á vettvang miðvukudaginn 13. apríl, eftir hádegi, og mældi súrefni á ný. Einungis var mælt á lögn frá holu 13 eftir að vatnið hafur farið um tankinn, aftan við litlu dæluna í skúrnum við holu 13. Þar hafði styrkur uppleysts súrefnis mælst 1,5 mg/l síðastliðinn mánudag. Niðurstöður mælinga nú reyndust allt aðrar og betri. Viðgerðin hefur tekist mjög vel því súrefni var alveg horfið, styrkur þess 0 mg/l.

Magnús Ólafsson